

5.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, þriðjudaginn 16.maí kl. 13:00.

Mætt eru; Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdag Melum 2, Ingólfur Benediktsson Árnesi, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningar Árneshrepps árið 2016, síðari umræða. Auðunn Guðjónsson verður í símanum frá Kgmp.
2. Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025. Tillaga að breytingu – Hvalárvirkjun. Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu. Hreppsnefnd fjallar um Tillöguna og samþykkir hana óbreytta, eða gerir við hana athugasemdir og er niðurstaða hreppsnefndar, í hvoru tilfellinu sem er, send til Skipulagsstofnunar.

1. Ársreikningur fyrir árið 2016, síðari umræða. Engar breytingar voru gerðar á ársreikningnum frá fyrri umræðu. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 59,8 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 54,5 millj.kr.

Rekstrarniðurstað sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 1,3 millj. kr. og í A hluta neikvæð um 0,7 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2016 nam 77,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 77,0 millj. kr. Einnig var farið yfir Endurskoðunarskýrslu 2016 með ársreikningi. Hreppsnefnd samþykki Ársreikning og Endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2016, samhlóða.

2. Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025. Tillaga að breytingu - Hvalárvirkjun. Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu.

Þar sem endurskoðað Aðalskipulag hefur ekki borist til hreppsnefndarmanna er þessum lið fundarins frestað þar til þau gögn hafa borist og mun málið þá tekið fyrir er þar að kemur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:20